

# KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/1244*  
*komudagur 17.3.198*



HÚSI VERSLUNARINNAR  
103 REYKJAVÍK ICELAND  
SÍMI: 568 7811  
TELEFAX: 354 568 5569

16.mars 1998


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjald af áfengi, 480 mál.

Kaupmannasamtök Íslands vilja afnám einkasölu með áfengi og tóbak, og að bjór og léttvín a.m.k., verði boðið í smásölu í almennum verslunum. Samtökin telja mikilvægt að greina á milli áðurnefndra áfengisflokka og eimaðs áfengis, og lýsa ánægju yfir því að nú skuli stefnt að upptöku þriggja áfengisflokka og mismunandi gjaldskyldu samkvæmt þeim.

Kaupmannasamtök Íslands hafa einnig ásamt öðrum samtökum í verslun, veitingasölu og ferðaþjónustu lagt áherslu á nauðsyn þess að lækka smásöluverð léttvíns og bjórs. Benda þau á að það muni hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og gera Ísland í þeim efnum samkeppnishæfara við samkeppnisþjóðir okkar í þessari grein. Í ljósi þessa er m.a. ánægjulegt að sjá að lagt er til í umræddu frumvarpi, að léttvín lækki í smásölu um 5-6% vegna lægra áfengisgjalds. Æskilegt væri að sjá meiri lækkun þarna, en þetta er þó strax áfangi.

Bjór hefði hins vegar þurft að lækka jafnframt, og mæla Kaupmannasamtökin með því að einhver lækkun verði á áfengisgjaldi bjórs, þótt ekki sé nema til þess að móta skýrar neyslustýringarstefnu hins opinbera í áfengismálum, þ.e.a.s. að neysla færist frá sterkari drykkjum til bjórs og léttvíns.

Virðingarfyllt,  
KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS

  
Sigurður Þonsson framkvæmdastjóri

